Mæling á þungaumferð og hraða í grennd við Þorlákshöfn

-Ágrip-

Á undanförnum árum hefur umfangsmikil atvinnu- og íbúðauppbygging átt sér stað í Þorlákshöfn sem hefur leitt til aukinnar umferðar og vaxandi flutningsþarfar á svæðinu. Markmið rannsóknarinnar var að meta umfang þungaumferðar og hraða ökutækja á helstu vegum í og við Þorlákshöfn og kanna hvort umferðarmynstur endurspegli þá hröðu þróun sem átt hefur sér stað.

Notast var við fimm radarmæla Vegagerðarinnar og mælt á átta stöðum á Þorlákshafnarvegi, Hafnarvegi, Suðurstrandarvegi, Eyrarbakkavegi og Þrengslavegi. Mælingarnar voru framkvæmdar á tveggja vikna tímabili vorið 2026 og studdar með sjónmati til að auka nákvæmni við flokkun þungra ökutækja.

Mæld þungaumferð

Niðurstöður sýna að hlutfall þungaumferðar í grennd við Þorlákshöfn er að meðaltali 20,6%, sem er rúmlega tvöfalt hærra en landsmeðaltal, 10%. Hæst mældist hlutfall þungra ökutækja á Hafnarvegi við Þorlákshafnarveg, 36,0%, en lægst á Suðurstrandarvegi vestan við Selvog, 17,0%. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi hafnar-, iðnaðar- og fiskeldistengdrar starfsemi fyrir umferðarflæði á svæðinu. Sjá má niðurstöður á mynd 1.



Mynd 1 Hlutfall þungaumferðar á 8 mælistöðum í grennd við Þorlákshöfn.

Mældur hraði

Hraðamælingar sýndu að á ákveðnum vegköflum er akstursshraði umfram gildandi hámarkshraða. Mestur var hraðinn á Suðurstrandarvegi vestan við Selvog þar sem V85[1] mældist 122 km/klst. á vegkafla með 90 km/klst. hámarkshraða.

hámarkshraða. Einnig mældist hraði töluvert hár á Þrengslavegi norðan við Þorlákshafnarveg þar sem V85 mældist um 105 km/klst. Sjá má niðurstöður hraðamælinga á mynd 2.



Mynd 2 Mældur V85 hraði, sá hraði sem 85% ökumanna halda sig innan, 15% keyra hraðar.

Umferð

Greining á umferðartölum frá árunum 2016-2025 bendir til að árlegur meðalvöxtur umferðar á helstu vegköflum í grennd við Þorlákshöfn hafi verið um 7-8%. Samhliða áframhaldandi atvinnuuppbyggingu, aukinni hafnarstarfsemi og fólksfjölgun má búast við frekari aukningu þungaumferðar á næstu árum. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að fylgjast með þróun umferðar á svæðinu og geta nýst við ákvarðanatöku um uppbyggingu samgönguinnviða, umferðaröryggi og mat á framtíðarálagi á vegakerfið.

[1] V85 = sá hraði sem 85% ökumanna halda sig innan, 15% keyra hraðar.